

Reykjavík 11. mars 2024

Almennt útböð á endurskoðun Gildis-lífeyrissjóðs

Gildi-lífeyrissjóður, kt. 561195-2779, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, óskar eftir tilboðum í ytri endurskoðun sjóðsins. Um er að ræða almennt útböð í skilningi laga nr. 65/1993, um framkvæmd útböða.

Endurskoðun þarf m.a. að uppfylla kröfur í samræmi við lög um lífeyrissjóði nr. 129/1997, lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, reglur nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða, reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA).

Eftirfarandi þarf að lágmarki að koma fram í tilboðum til sjóðsins.

- Almennar upplýsingar um endurskoðunarfélagið og helstu eigendur (einnig nafn tengiliðs, símanúmer og tölvupóst).
- Upplýsingar um þá starfsmenn sem sinna myndu endurskoðuninni (teymið), þekkingu þeirra og reynslu auk upplýsinga um hver muni leiða endurskoðunina.
- Upplýsingar um aðgang að sérfræðingum með þekkingu á tryggingastærðfræði.
- Drög að endurskoðunaráætlun og áætlun á tímafjölda.
- Áætlun skipting á umfangi vinnunnar milli aðila innan teymisins (hlutfallsskipting).
- Árleg heildarþóknun fyrir endurskoðun sjóðsins.
- Tímagjald endurskoðanda vegna annarra verkefna sem sjóðurinn kann að óska eftir að verði unnin.
- Tímagjald sérfræðinga vegna annarra verkefna sem sjóðurinn kann að óska eftir að verði unnin, þ.á m. vegna verkefna sem krefjast þekkingar á tryggingastærðfræði.
- Lýsing á gæðakerfi endurskoðunarfélags og meðhöndlun gagna.
- Upplýsingar um málarekstur sem endurskoðunarfélagið stendur í, ef slíkt á við. Er þá bæði átt við félagið og helstu eigendur.

Miðað er við að endurskoðun og skýrslugjöf vegna hennar skuli lokið fyrir 10. mars ár hvert. Skal áritun endurskoðenda skilað bæði á íslensku og ensku. Óskað er eftir tilboðum fyrir reikningsárin 2024-2028. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að segja upp samningi um endurskoðun með þriggja mánaða fyrirvara. Öll verð skulu innihalda virðisaukaskatt.

Við mat á tilboðum verður m.a. litið til draga að endurskoðunaráætlun, árlegrar heildarþóknunar fyrir endurskoðun, áætlaðs tímafjöldi við endurskoðun og skiptingu þeirra niður á teymið, uppgefinna tímagjalda vegna annarrar vinnu, reynslu þeirra sem kæmu að verkefninu, reynslu af endurskoðun sambærilegra verkefna, þekkingu á áhættustýringu og endurskoðun upplýsingakerfa, aðgangs að sérfræðingum með þekkingu á tryggingastærðfræði auk almennrar hæfni tilboðsgjafa.

Endurskoðandi þarf að uppfylla kröfur um óhæði gagnvart sjóðnum sem gerðar eru í lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Þá skal sá endurskoðandi sem mun leiða verkefnið af hálfu bjóðanda hvorki hafa sætt áminningu endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. 48. gr. laga um

endurskoðendur og endurskoðun né heldur þurft að sæta endurteknu gæðaeftirliti á síðustu tveimur árum. Jafnframt skal bjóðandi sjálfur ekki hafa sætt áminningu endurskoðendaráðs.

Ársreikninga sjóðsins og frekari upplýsingar um starfsemi hans má finna á www.gildi.is.

Tilboð skulu hafa borist sjóðnum fyrir kl. 12:00 þann 25. mars 2024. Tilboð verða opnuð hjá Gildi-lífeyrissjóði að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík þann 25. mars 2024 klukkan 15:00. Við opnun tilboða verða nöfn bjóðenda lesin ásamt árlegri heildarpóknun tilboðs með virðisaukaskatti. Bjóðendum er heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

Tilboðum skal skilað annað hvort á pappírformi í lokuðu umslagi á skrifstofu sjóðsins eða með rafrænum hætti á netfangið utbod@gildi.is (sé tilboði skilað með rafrænum hætti skal skjalið læst með lykilorði sem skal afhent sjóðnum sérstaklega fyrir opnunartíma útboðsins).

Gildistími tilboða er til 30. apríl 2024.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti óskað eftir stuttri kynningu á völdum tilboðum fyrir endurskoðunarnefnd sjóðsins í byrjun apríl 2024.

Nánari upplýsingar vegna útboðsins og um sjóðinn veitir framkvæmdastjóri sjóðsins, Davíð Rúdólfsson (sími 856 9407 og netfangið david@gildi.is) og formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins, Sigrún Guðmundsdóttir (sími 842 4100 og netfangið sigrun.gudmundsdottir@odt.is).

Með þátttöku í útboðinu felst samþykkt á að halda trúnað um allt sem bjóðendur fá vitneskju um og hvorki afhenda þau gögn eða vitneskju til þriðja aðila.

Fyrir hönd Gildis-lífeyrissjóðs

Davíð Rúdólfsson
framkvæmdastjóri